



Reykjavík, 8. september 2026
USK26080281

Sigtún 59 (fsp) - einkabílastæði – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2026 var lögð fram fyrirspurn Guðlaugs Breiðfjörð Eyjólfssonar, dags. 20. ágúst 2026, um að leigja af Reykjavíkurborg tvö bílastæði fyrir framan lóð nr. 59 við Sigtún og gera þau að einkabílastæðum.



Loftmynd tekin af borgarvefsjá



Loftmynd tekin af borgarvefsjá

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Sigtúni 59 borgarhluta 4. Laugardal og er hluti af íbúðarsvæði Teigar – íbúðarbyggð (ÍB21).

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag stgr. 1360-1365, Teigahverfi – syðri hluti, samþykkt í borgarráði 2. júlí 2002 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess hvort heimilt sé að leigja tvö bílastæði á borgarlandi. Um er að ræða tvö stæði sem staðsett eru fyrir framan fasteignina að Sigtúni 59. Í bíla og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar, samþykkt í borgarstjórn 21. apríl 2026 kemur fram að bílastæði á borgarlandi eru á forræði borgarinnar og alla jafna samnýtanleg og opin fyrir almenna notkun. Frá þeirri reglu eru ákveðnar undantekningar. Undantekningar eru m.a. stæði fyrir einstaklinga með skerta hreyfigetu þegar ekki er hægt að útvega stæði innan lóðar, sem og stæði sem sérmerkt eru ráðherrum, sendiráðum eða lögreglu.

Niðurstaða

Beiðni um leigu bílastæða á borgarlandi fyrir framan fasteignina að Sigtúni 59 er hafnað. Bílastæði á borgarlandi eru alla jafna samnýtanleg og opin fyrir almenna notkun.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku



tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Harpa Dögg Hjartardóttir
verkefnastjóri



Reykjavík